



# Íslenskar rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni

Sameinuðu þjóðirnar helguðu árið 2010 líffræðilegri fjölbreytni (biodiversity). Af þessu tilefni efna Líffræðifélag Íslands, Vistfræðifélag Íslands og samstarfsaðilar til vísindaráðstefnu um rannsóknir á eðli, tilurð og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.

Ráðstefnan verður haldinn laugardaginn 27. nóvember 2010 í Norræna húsinu. Gert er ráð fyrir dagskrá frá 9:00 til 18:00, fyrst yfirlitserindi, síðan styttri fyrirlestrar og veggspjaldakynning.

Vísinda- og fræðimenn sem rannsaka líffræðilega fjölbreytni eru hvattir til þess að senda inn ágrip og/eða skrá sig á ráðstefnuna fyrir 13. nóvember næstkomandi. Netfang fundarins er lifbr.fundur2010@gmail.com - þar er tekið á móti skráningu og ágripum. Tilgreinið við skráningu hvort þið sækist eftir því að vera með erindi eða veggspjald.

Heppilegast er ef ágrip fylgi stöðluðu formi, sem notað var á síðustu líffræðiráðstefnu sjá viðhengi og tengil:

[http://nfx10.rhi.hi.is/darwin/uploads/Liffraediradstefna09\\_agrip.doc](http://nfx10.rhi.hi.is/darwin/uploads/Liffraediradstefna09_agrip.doc)

Skráningargjald er 500 kr - ókeypis fyrir nemendur. Innheimtist á staðnum.

Skipulagsnefnd mun setja saman dagskrá og reyna að tryggja að fjölbreytilegar rannsóknir verði kynntar. Því gæti verið að einhverjur umsækjendur yrðu beðnir um að kynna veggspjald frekar en vera með erindi.

Skipulagsnefnd:  
Ingibjörg S. Jónsdóttir  
Tómas G. Gunnarsson  
Snæbjörn Pálsson  
Arnar Pálsson